

en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið. 61  
7. maí

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Magnús J. Kristjánsson.*

## L Ö G

um

### hlunnindi fyrir lánsfjelag.

62

7. maí

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

#### 1. gr.

Ef myndað verður hjer á landi fjelag í þeim tilgangi að veita lán gegn veði í fasteignum, á svipuðum grundvelli og fasteignalánsfjelög (Kreditforeninger) erlendis, er fjármálaráðherra heimilt að veita fjelagi þessu þau hlunnindi, sem í 2.—3. gr. getur.

#### 2. gr.

Fjelagið er undanþegið öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum og vaxtabrjef þess skulu ávalt njóta sama skattfrelsis og skuldabrjef ríkisins. Svo á það og rjett til að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálft sig.

#### 3. gr.

Um sölu á fasteignum hefir fjelagið sömu rjettindi og veðdeild Landsbankans.

62  
7. maí

4. gr.

Lög þessi falla úr gildi, ef heimildin hefir ekki verið notuð fyrir 1. jan. 1930.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Magnús J. Kristjánsson.*

63  
7. maí

## L Ö G

um

**varðskip landsins og skipverja á þeim.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Varðskip landsins skulu eiga heima í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Skipverjar allir eru sýslunarmenn landsins. Þeir skulu vera slysatrygðir á kostnað landssjóðs, eftir sömu reglum og gilda um slysatryggingu hjá Eimskipafjelagi Íslands.

2. gr.

Skipstjórar varðskipanna og stýrimenn eru löggæslumenn Íslands á landhelgissvæðinu og þeim hafhlutum, er með lögum kunna að verða sjerstaklega friðaðir móti togaraveiðum,